



Lagt fyrir 396. fund velferðarráðs 17. mars 2021

VEL2020020018

RÁ/asa

Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um árskort fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks.*

Þann 19. febrúar 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um árskort fyrir akstursþjónustu fatlaðra:

Lagt er til að Reykjavíkurborg endurskoði gjaldskrá fyrir ferðaþjónustu fatlaðra með það að markmiði að fólk geti keypt árskort fyrir aðgang að ferðaþjónustu fatlaðra og þurfi ekki að greiða fyrir hverja ferð. Lagt er til að Reykjavík beiti sér fyrir því að árskort fyrir ferðaþjónustu fatlaðra gildi einnig til að ferðast með Strætó bs. á höfuðborgarsvæðinu. Ferðaþjónusta fatlaðra er á vegum Reykjavíkur, ekki Strætó og því gilda ólíkar verðskrár. Vegna þess gildir árskort fyrir öryrkja aðeins í strætó en ekki fyrir ferðaþjónustu fatlaðra, sem þó er á vegum Strætó bs. Verð fyrir stakar ferðir er það sama en gjaldskrá fyrir ferðaþjónustu fatlaðra bíður ekki uppá magnafslátt fyrir alla, svo sem með því að kaupa kort. Það er að vísu boðið upp á nemakort fyrir fatlaða nemendur í framhalds- og háskólum, en það kostar 22.600 á ári fyrir 16-17 ára og 52.900 á ári fyrir eldri.

Velferðarráð vísaði tillögunni til umsagnar Strætó bs.

Þann 3. desember 2020 barst umsögn Strætó bs, sem lögð var fyrir fund velferðarráðs 20. janúar 2021. Í umsögninni kom fram að um væri að ræða tvö aðskilin verkefni sem Strætó sinnti. Annars vegar fyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar verkefni sem unnið væri fyrir 4 sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi þess óvissuástands sem ríkir í þjóðfélaginu teldi stjórnin ekki á þessum tímapunkti tímabært að hægt væri að nota kort sem gildi sem greiðsla á milli þessara aðskildu verkefna. Skoðað hefði verið að taka upp árskort eingöngu fyrir viðskiptavinum í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og væri að svo komnu máli ekki ráðist í það.

Velferðarráð ákvað að fresta afgreiðslu tillögunnar í ljósi þess að á meðan beðið var eftir umsögn Strætó bs hafði bæði fyrirspurn frá fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um sama efni verið afgreidd í velferðarráði og tillaga Flokks fólksins sama efni verið afgreidd með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar í borgarstjórn. Meðal annars fylgdi þeim kostnaðarmat sem varpaði skýrara ljósi á málið.

Hér verður gerð grein fyrir nefndri fyrirspurn og tillögu.

Þann 24. júní 2020 lagði fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands fram í velferðarráði fyrirspurn um árskort og önnur tímabilskort fyrir notendur akstursþjónustu. Fyrirspurnin var svohljóðandi: *Af hverju er ekki í boði fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks að kaupa árskort og önnur tímabilskort fyrir þjónustuna, líkt og við á um notendur Strætó bs.?*

Svar við fyrirspurninni var lagt fyrir velferðarráð þann 7. október 2020 og kom þar fram að um 500 einstaklingar greiði meira en sem nemi kostnaði af árskort, miðað við að árskort myndi kosta 23.200 kr. Gera mætti ráð fyrir að sá fjöldi myndi kjósa að kaupa árskort á meðan aðrir kysu að greiða fyrir hverja ferð. Heildartekjur Reykjavíkurborgar myndu því lækka um 35 m.kr. á ári ef boðið yrði upp á árskort fyrir nefnda hópa. Svar velferðarsviðs fylgir hjálagt.

Þann 15. desember 2020 var svohljóðandi breytingartillaga J-3, við fjárhagsáætlun, um að taka upp árskort fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks lögð fram í borgarstjórn: *Lagt er til að taka upp árskort fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks líkt og á við um fyrir öryrkja og eldri borgara þar sem árskort kosta 23.200 kr. Fyrirkomulag varðandi akstursþjónustu fyrir fatlaða er að greitt er fyrir hverja ferð 240 kr. Meðalfjöldi ferða einstakra notenda á ári eru 176, fjöldi notenda á árinu 2019 var 1.321. Kostnaðaráhrif tillögunnar eru því um 35.000 þ.kr. og er lagt til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um sömu fjárhæð. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.*

Tillagan var felld með 12 atkvæðum.

Samkvæmt framansögðu hefur tillaga Flokks fólksins frá 19. febrúar 2020, sem umsögn þessi lýtur að, þegar verið felld í borgarstjórn samfara afgreiðslu fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og ljóst er að áætlaður kostnaður velferðarsviðs við samþykki hennar er 35 m.kr.